

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	Jarðfræði söguslóða Eyrbyggja sögu
Kennari:	Áslaug Sigvaldadóttir og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
Önn:	Vorönn 2026
Áætlun unnin:	Janúar 2026

Áfangalýsing: Áfanginn er þverfaglegur og áhersla er lögð á jarðfræði Snæfellsness, Eyrbyggja sögu og aðrar sagnir af svæðinu. Jarðfræði og íslenska mynda meginstoðir áfangans. Tengsl jarðfræði og landslags við tilurð sagna verða ígrunduð og þá er unnið með kort af ýmsu tagi, veðurfræði, sögustaði og sagnaminni. Nemendur þjálfast í textavinnu, miðlun og tjáningu.

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- meginatriðum í jarðfræði Íslands; uppruna landsins og tilveru
- landmótun af völdum frostverkana, vatnsfalla, sjávar, jökla og vinds
- grunnatriðum vísindalegra vinnubragða og hugtökum í skýrslugerð
- helstu hugtökum veðurfræðinnar
- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- Eyrbyggju sögu og almennum einkennum Íslendinga sagna sagnaarfi í sínu nærumhverfi

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- miðla jarðfræðilegri þekkingu sinni á sem fjölbreyttastan hátt
- beita grunnhugtökum jarðfræðinnar
- greina myndun og mótun landsins í umhverfi sínu
- beita rökhugsun, ígrundunum og vísindalegum vinnubrögðum til að “lesa í landið” sem er í rökréttu jarðfræðilegu samhengi
- miðla vísindalegri þekkingu sinni með skýrslugerð
- lesa staðar- og jarðfræðikort
- ritun rökfærsluritgerða þar sem hann beitir gagnrýnni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- yfirfæra fræðin yfir á umhverfi sitt og náttúru Íslands með hjálp þeirra verkfæra sem fræðin hafa veitt honum
- öðlast innsýn í jarðfræðilega heimsmynd af umhverfi sínu
- skilja hið flókna samspil manns og náttúru
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

sem metið er með:

Sí- og leiðsagnarmat

Námsefni:

Eyrbyggja saga og annað efni frá kennurum

Námsmat:

Leiðsagnarmat

Prófseinkunn (%):

Símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningjamati.

Verkefnaeinkunn (100%):

Sem samanstendur af:

Vinnubók og skýrslum (jarðfræði)

Kortum og verkefnum úr Eyrbyggju (íslenska)

Stuttri könnun/könnunum

Lokaverkefni

Skipulag náms:

Námstilhögun:

Reynt skal að efla nemendur til þess að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði. Verkefnavinna verður stöðug og regluleg skil á verkefnum verður metin.

Um skilafrest og vanskil:

Skilakassar loka kl. 23.59 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.

Um próf:

-

Vikuskema:

-

Vika 2 4. – 10. janúar Kennsla hefst 5. janúar	Kynning á áfanga – ÁS og SIM (1) My map/ Sagamapp
Vika 3 11. – 17. janúar Framhaldsdeild í húsi	Kynning á Íslendingasögum og landnám Þórólfs Mostraskeggs (SIM)
Vika 4 18. – 24. janúar Úrsögn úr áfanga lýkur 23. jan	My map, jarðfræði Snæfellsnes(ÁS)
Vika 5	Máhlíðingamál (SIM)

25. – 31. Janúar	
Vika 6 1. – 7. febrúar	Heimabyggð jarðfræði og kennileiti (ÁS)
Vika 7 8. – 14. febrúar Námsmatsdagur 13. feb	Heimabyggð jarðfræði og kennileiti (ÁS)/Þuríður og Björn Breiðvíkingakappi (SIM)
Vika 8 15. – 21. febrúar	Þuríður og Björn Breiðvíkingakappi (SIM)
Vika 9 22. – 28. febrúar Starfsþróunardagur 27. feb	Veðurfar á landnámsöld og veðurfar í nútíma(ÁS)
Vika 10 1. – 7. mars Valtímabil hefst 2. feb Valtímabili lýkur 6. feb	Þórólfur Bægifótur (SIM)
Vika 11 8. – 14. mars Framhaldsdeild í húsi ÁRSHÁTÍÐ NFSN 12. mars	Landmótun (ÁS)
Vika 12 15. – 21. mars Námsmatsdagur 16. mars	Deilur Arnkels og Snorra um Krákunesskóg (SIM)
Vika 13 22. – 28. mars	Gróðurfar fyrr og nú (ÁS)
Vika 14 29. mars – 4. apríl Páskafrí	Páskafrí frá 30. mars til 6. apríl
Vika 15	Fróðárundrin (SIM)

5. – 11. apríl Kennsla hefst 7. apríl	
Vika 16 12. – 18. apríl	Loftslagsbreytingar ÁS
Vika 17 19. – 25. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl Námsmatsdagur 24. apríl	Berserkjähraun ÁS og SIM
Vika 18 26. apríl – 2. maí Verkalýðsdagurinn 1. maí	Berserkjähraun ÁS og SIM
Vika 19 3. – 9. maí Framhaldsdeild í húsi	Skilaverkefni Snæfellsnes og Eyrbyggjusaga
Vika 20 10. – 16. maí Síðasti kennsludagur 13. maí Útskrift 22. maí	Skilaverkefni Snæfellsnes og Eyrbyggjusaga